

13-04-81

H A U K A D A L U R

1 9 8 1

## Haukadalur 1981.

### 1. Veðurfar.

Upplýsingar frá Veðurstofu eru ekki fyrir hendi.

Þann 17. febr. kom mikið veður af SV. og munu verulegar skemmdir á stafafuru vera afleiðingar þess.

Vorið var fremur kalt og mjög þurrt alveg fram í júní.

Sumarið var votviðrasamt en hlýtt á köflum, t.d. síðustu vikuna í júlí, en þó komu dagar með 16-18 stiga hita. Ágúst og september voru mjög votviðrasamir.

Mikil frost komu í byrjun október og desember var svo kaldur að mjög erfitt var með flutninga á jólatrjám, en þau höfðu verið felld og flutt að vegi áður en frost byrjuðu.

### 2. Gróðursetning.

Vorgróðursetning fór fram 1-3 júní á lerki og stafafuru úr móbandi, sem voru fluttar uppeftir 30. júlí 1980. Höfðust þær vel við yfir veturinn og voru ekkert farnar að vaxa í byrjun júní.

Síðsumargróðursetning var unnin 21-27. júlí. Þær plöntur voru frá Grundarhóli, í fjölpottum, einnig lerki og stafafura.

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Grst.	Fjöldi	Svæði
<u>Vorgróðursetning:</u>					13.450	
Stafafura	Skagway	935	2/2 mb	T	9.450 v	2124
Sib. lerki	Tanny T	942	2/2 mb	T	4.000 v	2114, 2118
<u>Síðsumargróðursetning.</u>						
Stafafura	Skagway	044	1/0 fjp.	G	800 v	6070
Lerki	MoDo	054	1/0 fjp.	G	845 v	6070
Stafafura	Skagway	044	1/0 fjp.	G	6.800 v	6071
Lerki	MoDo	054	1/0 fjp.	G	9.300 v	6071
Stafafura	Skagway	044	1/0 fjp.	G	600 v	1033
-	-	-	-	-	1.500 v	1041
-	-	-	-	-	1.650 v	1042
-	-	-	-	-	400 v	2052
-	-	-	-	-	12.090 v	7029-7034
Lerki	MoDo	054	-	-	1.170 v	(7034)
Alls:					48.605	

Við vorgróðursetningu var bætt inn í gróðursetningarsvæði frá 1963, þar sem mikil afföll höfðu orðið og lítill vöxtur. Stafafuran var öll sett á milli rauðgreniraða í austurhelmingi 2124, en lerkið í belti í 2114 og 2118, þar sem kíngreni og rauðgreni höfðu drepist.

Síðsumargróðursetning skiptist í þrjá staði:

- 1) Miðskóg. Ofan og neðan við tótt og í framhaldi af því niður móana milli Brennigils og Langamelsár.
- 2) Bryggjumýri. í Plægingarsvæðið, sem var tætt haustið 1980 og
- 3) Stekkjjarhlið. Innan um eldri rauðgrenigróðursetningar.

Öll síðsumarsgróðursetningin var með fjölpottaplöntum. Afköst voru að meðaltali 900 pl./dag en komust í 2000 pl./dag á Bryggjumýri, þar sem tætt var haustið 1980. Veður var mjög hlýtt og þurrt fyrstu dagana, en hellirigndi undir lok gróðursetningar.

Kvenfélag Biskupstungna gróðursetti að venju nokkrar plöntur. Að þessu sinni austan við Langamelsá.

Kostnaður við síðsumarplöntun, 35.000 pl., var þessi:

Vinnulaun 457 klst. á	39,00	16.990,00
Matreiðsla 7 d. á	406,00	<u>2.842,00</u>
	Alls kr.	<u>19.832,00</u>

Meðaltal vinnul. pr. pl. kr: 0.57

Fæðisdagar 39 á kr. 55.50	2.165,00
Aðstaða v/fæðis og húsn.	
39 dagar á kr. 30.00	1.170,00
Akstur v/gróðursetn.	<u>847,00</u>
	Alls kr. <u>4.182,00</u>

Meðaltal fæðis og þjónustu pr.pl. kr. 0.12

Alls er þessi kostnaður kr. 0.69 pr. pl. eða jafnmikill og talið var að gróðursetning hafi kostað pr. plöntu vorið 1980. Í hvorugu dæminu er reiknaður kostnaður við flutning. Bíll og bílstjóri í 2 daga.

Þess má geta, að einn laugardagur var notaður til gróðursetningar. Náturvinnutímar voru því tiltölulega mjög margir.

### 3. Jólatré.

Jólatré voru að mestu merkt dagana 27-29 október í mjög góðu veðri. Guðmundur Örn Árnason hjálpaði til við merkingu. Merkt voru þá 750-800 tré.

Hinn 5. nóv. í leiðindaveðri komu þeir Kristinn Skæringsson og Sigurður Skúlason og merktu um 200 tré. Loks var bætt við nokkrum stafafurum og rauðgreni 15. og 16. desember.

Byrjað var að höggva jólatré þann 1/12, og var því að mestu lokið laugardaginn 5/12, en þann 7/12 byrjuðu miklar frosthörkur, svo flutningur á trjám tafðist nokkuð.

Trén flokkuðust þannig eftir stærð og kaupendum:

Teg/stærð	Landgr.sj.	Skógræktarféll. Rvk.	Alls
<u>Rauðgreni.</u>	<u>415</u>	<u>520</u>	<u>935</u>
0.70 - 1.00	10	10	20
1.01 - 1.25	56	49	105
1.26 - 1.50	124	151	276
1.51 - 1.75	104	161	265
1.76 - 2.00	62	72	134
2.01 - 2.50	49	51	100
2.51 - 3.00	8	15	24
3.00 - 4.00	2	11	13
<u>Stafafura.</u>	<u>29</u>		<u>29</u>
0.70 - 1.00	1		1
1.01 - 1.25	3		3
1.26 - 1.50	13		13
1.51 - 1.75	12		12
<u>Alls</u>	<u>444</u>	<u>520</u>	<u>964</u>

Óseld tré og "tekin til hliðar".

	Landgr.sj.		Skógræktarféll		Alls	% af felldum trjám
	Óseld	l.t.hl.	Óseld	l.t.hl.		
Rauðgreni	14	72	36	43	165	15
Stafafura		18			18	
<u>Alls</u>	<u>14</u>	<u>90</u>	<u>36</u>	<u>43</u>	<u>183</u>	

Verðmæti þeirra trjáa, sem gengu af, nam kr. 22.000.00

Þótt jólatrén væru með besta móti hvað snerti lit og lögun, þá eru "Óseld tré og tekin til hliðar" 15% af öllum felldum trjám. Söluverð jólatrjáa varð að frádregunum söluskatti alls kr. 116.414,00

Meðal söluverð pr. tré án söluskatt var kr. 120.76

Kostnaður við jólatré var þessi:

Vinnulaun við að fella	kr. 16.220.00
Fæðisfé	- 2.976.00
Akstur	- 2.136.00
<u>Alls:</u>	<u>- 20.332.00</u>

Flutningur á trjám

v/ Landgræðslusjós	kr. 3.950.00
v/ Skógræktarfélags Reykjavíkur, <del>ættl.</del>	- 3.000.00
<u>Alls:</u>	<u>- 6.950.00</u>

#### 4. Áburður.

Landgræðsla ríkisins dreifði áburði með flugvél þann 2/7. Notuð var minni vélin, TF Tún og dreift 4 tonnum af NP 26-14. Kostnaður var kr. 8.700.00 (kr. 2.260 pr. tonn)

Að þessu sinni var flogið yfir mest allt svæðið vestan Svartagils. Ætlunin var að bera einnig á elsta rauðgrenið í 1011, en það virtist þó hafa orðið útundan. Neðstu svæðin 2019-2025 fengu nú í fyrsta sinni áburð, en greinilegt var á lit trjáanna, að sums staðar höfðu blettir orðið útundan. Voru þau tré of gul til að notast sem jólatré. Austan Svartagils var borið á svæðin 2062, 2072, 2082 og 3072, neðan vegar svæðin 1041, 1042 og 1052.

Flugvélin fór 8 ferðir og dreifði alls um 4 tonnum af NP 26-14.

Um 20 pokum af áburði var handdreift, þar af 10 pokar kalksalt-pétur og 10 pokar 23-11-11

Borið var á sitkagreni í Tortumýri og á rauðgreni ofan við Miðskógs-upp með vegi og í reit 6173 (Sig. Jónas <sup>sonar</sup> reitur). tóft

#### 5. Fráklipping.

Talsvert var unnið við fráklippingu árið 1981. Aðallega voru það 3 menn frá Helludal, sem unnu að þessu mánuðina júlí og ágúst, eftir því sem hentaði. Klipptu þeir frá greni í neðanverðri Miðhlið frá girðingu að Svartagili.

Þá unnu tvær stúlkur við fráklippingu tæpar þrjár vikur í ágúst. Þær klipptu aukatoppa og aukastofna í plægingu austan Beinár og síðan upp með veginum frá Miðskógstöft.

#### 6. Byggingar.

Í byrjun september var veitt heimild af hálfu samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir til þess að byggja starfsmannahús í Hauka-dal. Verksamningur var gerður af Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins við Sigurð Guðmundsson, Selfossi og undirritaður af Land-búnaðarráðuneytinu þ. 15/9.

Samningsupphæð er kr. 482.262.00 miðað við vísitölulið 01, sem Hagstofa Íslands gaf út 1. júlí 1981, 738 stig.

Húsið var reist og gert fokhelt dagana 28-30 október. Voru verk-taka greiddar kr. 200.000 fyrir áramót.

Flatarmál hússins er 126.2 m<sup>2</sup>. Það er teiknað af Sigurði Einars-synim byggingafræðingi. Hitalögn er teiknuð af Rafni Jenssyni, verk-fræðingi og raflögn af Birni E. Baldurssyni, tæknifræðingi.

#### 7. Vatnsveitur.

##### A. Kaldavatnslögn.

Það varð ekki lengur hjá því komist að leiða kalt vatn með nægilegri fallhæð niður að nýbyggingu. Þá var einnig lögð leiðsla að rauða kofa.

Haraldur Árnason, ráðunautur valdi vatnsból og sagði fyrir um lögn.

Grétar Grímsson, Syðri-Reykjum tók að sér að grafa fyrir vatnsrörum og ganga frá allri lögninni að húsvegg. Grímur Þór Grétarsson vann það verk að mestu á 2 dögum með 1 mann sér til aðstoðar. Þá var einnig um leið grafið fyrir rotþró og henni komið fyrir.

Vatnið er leitt í 50 mm plastlögn, sem er 666 m löng frá vatnsbóli að húsvegg, en þaðan liggur 30 mm, ca 70 m löng leiðsla að rauða kofa.

Kostnaður við kaldavatnsveitu og rotþró var þessi:

Aðkeypt þjónusta, gröftur	Kr: 16.586,00
Efni, rör, tengi, brunnur	- 8.650,00
	<u>                    </u>
Alls	kr: 25.236,00
Rotþró	kr: 6.188,00
Rör og greinar	- 708,00
	- 6.896,00
	<u>                    </u>
	<u>Samtals kr: 32.132,00</u>

#### B. Heitavatnslögn.

Í fyrstu var ætlunin að nota sjálfrennslislögn neðan úr Marteinhver að nýbyggingu og var grafin í jörð 50 mm leiðsla úr hitapölnu plasti. Horfið var þó frá þessu ráði, en lögn úr kalda- vatnsleiðslu leidd í forhitara og þaðan í einangruðum stálörum 25 og 20 mm, frá hvernum upp að nýbyggingu og áfram niður að rauða kofanum. Vélavinnu, gröft og flutning vegna þessarar lagnar annaðist Böðvar Guðmundsson, Selfossi. Gunnar Hermannsson, sem lánaður var frá gróðrarstöðinni á Grundarhóli, vann alla suðu og tengingar á rörum. Greipur Sigurðsson hjálpaði til við að hreinsa hitaþró, endurnýja og stækka forhitara ásamt Böðvari, en Garðar Jónsson leiðbeindi um ýmis atriði og átti uppástunguna að því að leiða kalda vatnið inn í forhitara og nota opið hitunarkerfi.

Verk þetta var mest unnið á tímanum 10-30 nóvember, stundum við heldur erfiðar aðstæður, en reynt var að ljúka því sem fyrst svo unnt væri að byrja á miðstöðvarlögn.

Efniskostnaður var þessi:

Hitaeinangruð stálrör, 25 mm, 120 m	kr. 7.050,00
- 20 - 66 -	- 3.080,00
	- 1.956,00
Samsetningar o.fl.	- 2.000,00
"Fittings" áætlað	- 3.953,00
Hitaskiptir (ekki notaður)	- 2.000,00
Hitapolið plaströr, 120 m	-
	<u>                    </u>

Alls kr: 20.039,00

Vinnulaun vegna starfsmannahúss eru í aðalbók talin kr. 3.569,00, en eiga sennilega að færast að hluta á endurbætur á rauða kofanum.

Annars voru þessi vinnulaun að mest leyti vegna lagfæringar á hita- lögnum og inntaks á heitu og köldu vatni.

Viðhald bygginga.

Eins og áður segir var lögð hitaveita niður að rauða viðleguhúsinu í framhaldi af hitaveitu að nýbyggingu. Ástæðan til þess var sú, að hiti í viðleguhúsinu var mjög lítill svo þar var naumast vært eftir að veður kólnuðu. Í framhaldi af þessu var lögð innan húss algerlega endurnýjuð og tveir ofnar fluttir til í stofu og eldhúsi.

Smávegis endurbætur voru gerðar í eldhúsi með því að færa neðri skápa yfir á austurvegg og setja nýja borðplötu ofan á þá milli veggja. En áður en skáparnar voru fluttir, þá var fjarlægður ónýtur dúkur af gólfinu, spónaplötur lagðar ofan á gólfborðin og síðan nýr dúkur.

Gamli "ottómaninn" og legubekkurinn, sem stóðu í stofunni, voru orðnir svo af sér gengnir, að óhjákvæmilegt var að fá aðra svefnbekki. Voru keyptir tveir slíkir hjá Furu húsgögnum og kostuðu kr. 1.500 hvor.

Kostnaður við endurbætur á eldhúsi og hitalögn var í aðalatriðum þessi:

Aðkeypt þjónusta pípulagningamanns	kr. 3.953,-
Spónaplötur, gólfdukur, borðplata	- 2.481,-
Efni vegna pípulagna	- 2.500,-
	<hr/>
Alls	kr. 8.934,-

Til viðbótar þessum kostnaði kemur allmikil vinna starfsmanna Skógræktar ríkisins, sem ekki er sundurliðuð sérstaklega.

